

## Kennaraháskóla Íslands 1.254. – fundur 9. mars 2016

Opinn kynningarfundur um breytingu deiliskipulagi

Fundur hófst kl. 17:00

Dagskrá

- Hjálmar Sveinsson formaður umhverfis- og skipulagsráðs opnaði fundinn.
- Aðalheiður Atladóttir og Falk Krüger hjá A2f arkitektum kynntu tillöguna.
- Stefán A. Finnsson verkfræðingur fór yfir stöðu samgöngu- og umferðarmála á svæðinu.

Auk frummælenda voru til svara á fundinum Björn Axelsson skipulagsfulltrúi, Erna Hrönn Geirsdóttir lögfræðingur á Umhverfis- og skipulagssviði og Ásgeir Björgvinsson f.h. Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur

Fundarstjóri var Gunnar Hersveinn Sigursteinsson og ritari var Guðlaug Erna Jónsdóttir sem tók niður fyrirspurnir og skráði athugasemdir.

| Spurningar/athugasemdir                                                                                                                                                                                                                                                                                                 | Svör                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Mikil umferð og bílastæðavandi.<br>Allt of lítið af bílastæðum fyrir námsmenn.<br>0,2 stæði fyrir námsmenn óskiljanlegt.<br>Gengur kannski við Sæmundargötu við hliðina á HÍ. En ekki hér. Raunveruleikinn annar hér.<br>Göturnar í kring mun taka við bílum námsmanna.<br>Búið að taka burt bílastæðin sunnan við KHÍ. | Bílastæðin á kvöldin meira og minna auð kringum KHÍ. Samnýtingarmöguleiki er því á bílastæðum milli KHÍ og íbúa /námsmanna. Slíkt gerist víða í borginni.<br>Spurning um að taka upp gjaldtöku og/eða bílastæðakort. Þeir sem vinna á svæðinu þurfa þá að borga sem gæti hvatt til annarra samgöngumáta.<br>Aukning hefur orðið á notkun annarra samgöngumáta s.s. hjólreiða og strætó.                                                                                                                                                                |
| Umferð verulega slæm.<br>Stórir vinnustaðir á svæðinu. Um 600 störf í fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu. 365 stórt vandamál.<br>Ófremdarástand.<br>Hvernig er hverfið miðað við önnur hverfi hvað varðar umferð.                                                                                                       | Stefán Finnsson: Sólarhringsumferð í Stakkahlíð er 2700 - 3200 bílar í dag. Umferð mun aukast samhliða uppbyggingu. Verður 2900-3500 bílar á sólarhring. Mesta umferð á klukkustund er 10-15 % af sólarhringsumferðinni.<br>Álagspunktur eru á morgnana og í lok dags um kl. 17. Álag kringum Ísaksskóla og þar er ekki góð aðstaða til að hleypa börnum út.<br>Það sem er að einhverju leyti frábrugðið öðrum hverfum eru stórir vinnustaðir með tilheyrandi umferð.<br>Margar hraðahindrandi aðgerðir hafa verið gerðar til að auka öryggi gangandi. |
| Það stendur til að byggja við Háteigsskóla. Vill fá minnkun á byggingarmagni og stærri lóð fyrir skólann.                                                                                                                                                                                                               | Lóð KHÍ næst Háteigsskóla getur mögulega nýst sem viðbót við skólalóðina.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |

|                                                                                                                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Skuggaútreikningar ekki sannfærandi – vantar að sýna fleiri tímabil.                                                                     | Verður skoðað hvort bæta þurfi við skuggavarpi.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| Þrengsli við innkeyrsluna inn á svæðið. Bílastæði og gestastæði nálægt innkeyrslunni.                                                    | Verður skoðað.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
| Hvað dugir til að gera breytingar á skipulaginu. Allt of mikið byggingarmagn og nýting ekki í neinu hlutfalli við raunveruleikann.       | Allt sem hér kemur fram á þessum fundi verður tekið til athugunar og umræðu í Umhverfis- og skipulagsráði (USKR). Þar verður tekin ákvörðun um hvort breyta skuli tillögunni sem síðan verður sett í auglýsingarferli en í því ferli er heimilt að senda inn formlegar athugasemdir sem teknar verða til skoðunar og svarað með rökstuðningi. Svæðið er vannýtt og ekki aðlaðandi í dag. |
| Verður gönguleiðin áfram fyrir börn til og frá Háteigsskóla. Mörg börn að fara í og úr skóla um þessa leið og í tómstundir og íþróttir.  | Núverandi gönguleið/leiðir verður áfram auk þess sem margar fleiri bætast við.                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
| Íþróttahúsið byggt með möguleika á sundlaug. Vilji fyrir sundlaug og útivistarsvæði á reitnum eins og gildandi skipulag gerir ráð fyrir. | Tillagan er unnin í samstarfi við og að ósk KHÍ. Sundlaug var tekin út þar sem KHÍ fyrirhugar ekki slíka byggingu.                                                                                                                                                                                                                                                                       |
| Hvernig er með vind á svæðinu.                                                                                                           | Byggingarnar munu mynda skjólríks svæði og miklar líkur eru á að byggðin eins og hún er formuð muni bæta skjól á svæðinu.                                                                                                                                                                                                                                                                |

Fundi lauk kl. 18.30.

Ritari: GEJ